

Mál nr. 216/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar: (X) og (Y).

Skaðabótaábyrgð. Frítímaslys. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttakið 6. febrúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 24. febrúar 2025.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 13. október 2024 hafi M runnið í hálku á göngugötu fyrir framan skemmtistað í eigu X, í bæjarfélaginu Y, með þeim afleiðingum að hún ökklabrotnaði á vinstri fæti. Vegna slyssins hefur M gert kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingum X og Y. V sem er vátryggingafélag beggja aðila hefur hafnað bótaskyldu. Telur M að annað hvort X eða Y beri skaðabótaábyrgð á slysinu vegna óviðunandi aðstæðna á umræddri göngugötu. Telur M að X og Y hafi verið fullmeðvituð um aðstæður, enda hafi verið kalt í veðri vikuna fyrir slysið ásamt því að hitaveitukerfi göngugötunnar hafi verið bilað í umrætt sinn, og hafi því borið að gera viðeigandi ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir hálku. Samkvæmt fréttum hafi mikil hálka myndast á gangstéttum og vegum umræddan dag. Göngugatan hafi verið ísilögð og liggur fyrir að mikill snjór og hálka hafði myndast dögnum fyrir slysið. Meðalhiti á slysdegi var -7,8°C. Hafði a.m.k. Y vitneskju um að hitakerfi göngugötunnar hefði ekki virkað sem skyldi en þrátt fyrir það hafi hvorki X né Y aðhafst nokkuð til að tryggja öryggi almennings eða gesta skemmtistaðarins. Sú skylda hvíli á X sem rekstraraðila kaffihúss og skemmtistaðar, sem reki þjónustu fyrir neytendur og laði til sín viðskiptavini, að gera fullnægjandi ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir slysaðttu vegna hálku. Varðandi vitneskju Y um aðstæður þá vísar M til fréttar sem birtust á netmiðlum daginn eftir slysið þar sem haft er eftir sviðsstjóra hjá Y: „Það er ekki boðlegt að hafa þetta svona en okkar menn eru á fullu að laga þetta.“

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að V telur með öllu ósannað að slysið hafi gerst með þeim hætti sem M lýsti í kröfubréfi sínu. Í sjúkragögnum komi fram að M hafi misstigið sig og dottið í hálku. Í tjónstilkynningu til annars tryggingafélags komi fram að M hafi verið búin að drekka tvo litla bjóra og verið að labba á göngugötunni og misstigið sig. Um X er vísað til þess að með öllu sé ósannað að slys M hafi gerst á þeim stað og með þeim hætti sem hún lýsi. Þá hafi starfsmenn X sinnt sand- og saltlagningu eins og þörf var á. Ósannað sé að starfsmenn X hafi sýnt af sér saknæma eða ólögmæta háttsemi sem leitt hafi til slyssins. Þessu til viðbótar vísar V til þess varðandi Y að starfsmenn bæjarins hafi ekki vitað af bilun í hitakerfi fyrr en eftir slysið. Kerfið hafi virkað að hluta, sandur hafi verið borinn á götur og gangstéttir og sveitarfélög beri ekki hlutlæga ábyrgð á að halda öllum götum og gangstéttum hálkufríum. Með öllu sé ósannað að slys M hafi orðið vegna hálku eða saknæmrar háttsemi starfsmanna Y.

Í viðbótarathugasemddum sínum leggur M áherslu á að mikill kuldi og snjór hafi verið í bæjarfélaginu á slysdegi og að framlögð gögn staðfesti að veruleg hálka hafi myndast á götum bæjarins í umrætt sinn og hafi gangandi vegfarendum þótt erfitt að fóta sig í miðbænum. Hafnar M því sem ósönnuðu að starfsmenn Y hafi ekki vitað af bilun í hitakerfi bæjarins fyrr en eftir slysið og vísar til fréttar dags. 14. október 2024 þar sem fram komi að hitakerfið hafi ekki virkað sem skyldi síðustu daga. Varðandi staðsetningu slyssins þá vísar M til frásagnar vitnis því til stuðnings að slysið hafi gerst fyrir utan skemmtistað í eigu X.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort tjón M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða Y eða starfsmanna þeirra, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingum þeirra hjá V. Það hvílir á M að sýna fram á að svo hafi verið. Almennit verður að leggja ríkar skyldur á eigendur og umráðamenn fasteigna líkt og X þar sem rekin er þjónusta að gera þær ráðstafanir sem sanngjarnar mega teljast til að sjá til þess að tryggja öryggi þeirra sem leið eiga um fasteignina. Hvað sveitarfélög

líkt og Y varðar þá verður ekki gerð sú krafa að þau tryggi að götur og gangstéttir séu ætíð hálkufríar. Varðandi X þá liggja ekki fyrir gögn sem sýna að starfsmenn hafi vanrækt skyldur sínar til að sinna hálkuvörnum. Samkvæmt upplýsingum frá X var sand- og saltlagningu sinnt eftir þörfum og engin sönnun um að mistök eða vanræksla starfsmanna X hafi valdið slysinu. Varðandi Y þá bera sveitarfélög ekki hlutlæga ábyrgð á að hitakerfi virki fullkomlega eða að allar götur séu lausar við hálku. Ekki verður talið að slysið verði rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna Y. Það er því afstaða nefndarinnar að ósannað sé að slys M megi rekja til saknæmrar vanrækslu starfsmanna X og Y á hálkuvörnum. Verður því að líta svo á að tjón M verði rakið til óhappatilviljunar, en ekki atvika eða aðstæðna sem X og Y bera skaðabótaábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingum X og Y hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X og Y hjá V.

Reykjavík, 9. september 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir